



Fundur Foreldraráðs Naustatjarnar og skólastjórnenda 2. nóvember 2015 kl. 15:00 í samtalsherbergi Naustatjarnar.

Mættar eru : Anna Rósa Halldórssdóttir (TH/SH), Áshildur Hlín Valtýsdóttir (SH), Jónína Hauksdóttir skólastjóri og Þórlaug Þorfinnsdóttir aðstoðarskólastjóri. Fjarverandi: Ásthildur K. Júlíusdóttir (VV/BG) veikt barn

Dagskrá fundar:

1. Verkaskipting Foreldraráðs.

Formaður: Anna Rósa Halldórssdóttir.

Varaformaður: Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Meðstjórnandi: Ásthildur K. Júlíusdóttir

Ritari: Þórlaug Þorfinnsdóttir

2. Veturinn framundan

a. Áhersluþættir í starfinu

Samfélag/menning og náttúra/umhverfi. Verið er að vinna að aldurstengdri námsskrá varðandi náttúru/umhverfi. Umhverfisnefnd heldur utan um þá vinnu. Einnig verður Jákvæður agi áfram einn af áhersluþáttum í starfinu. Jónína tilkynnti að allir starfsmenn leikskólans væru komnir með 8 tíma námskeið í JA. Einnig munum við vinna að innleiðingu læsisstefnu Akureyrarbæjar.

b. Reglulegir fundir kynntir

Föstudagsfundir kynntir fyrir foreldraráði. Starfsmenn leikskólans sitja ákveðna fundi í leikskólanum sem eru á föstudögum kl 10.00 – 10.50.

c. Starfsmannamál yfirfarin

Tilkynnt um fæðingarorlof sem framundan er. Þrír starfsmenn eru á leið í fæðingarorlof á komandi vikum. Einnig er einn starfmaður að flytja úr bænum. Búið er að ráða í allar stöðurnar.

3. Breyting á heimasíðu og samskiptum milli heimilis og skóla

Verið er að vinna að nýrri heimasíðu leikskólans. Einnig var hugmynd lögð til um Facebook síðu. Hver og ein deild verður með sér lokaðar síður/grúppur. Sérstakar reglur yrðu settar varðandi þessa vinnu. Foreldraráð samþykkti einróma þessa hugmynd frá leikskólanum og því verður lagt af stað í þessa vinnu fljótlega.

4. Úrbótaáætlun vegna skólapúlsins

Úrbótaáætlun Naustatjarnar eftir Skólapúlsinn kynnt – þeirri sem lýtur að foreldrum.

Fundarritari: Þórlaug Þorfinns